

Aðalfundur Öldungadeildar Ský, föstudaginn 18. febrúar 2022, haldinn að Engjateigi 9, Reykjavík

Fjöldi fundagesta 9, þ.m.t. báðir starfmenn Ský.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar

Jón Ragnar Höskuldsson flutti skýrslu stjórnar frá síðasta starfsári.

2. Stjórnarkjör

Í nýja stjórn voru kosnir:

Ágúst Úlfar Sigurðsson
Eggert Ólafsson
Guðmundur Hannesson
Jón Ragnar Höskuldsson
Sæmundur Melstað
Örn Kaldalóns

Sæmundur Melstað var af nýrri stjórn kosinn sem verðandi formaður næsta starfsárs.

3. Breyting á samþykktum Öldungadeildar

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á samþykktum Öldungadeildar:

- breyta áherslum í heiti deildarinnar úr Öldungadeild í Söguhóp
- fella niður sérstakan aðalfund, en flytja hann yfir á aðalfund Ský, eins og aðrir faghópar hafa gert.
- fella niður starfsaldurmörk, en leggja í þess stað áherslu á sögulegan áhuga.
- einfalda samþykktir og vísa í almennar samþykktir Ský um faghópa.

Nýjar samþykktir eru því:

Heiti verður *Söguhópur, faghópur um sögu og minjar*

1.gr

Söguhópur Ský er faghópur innan félagsins starfar eftir reglum þess um faghópa.

2.gr.

Tilgangur og verkefni faghópsins er m.a. varðveisla sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi. Þetta felur meðal annars í sér að skrá sögu upplýsingatækninnar og að stuðla að því að varðveittur verði búnaður sem þýðingu hefur fyrir söguna.

3.gr.

Félagar geta allir orðið sem áhuga hafa á sögu tölvutækninnar.

4. Önnur mál

Jón Ragnar sýndi dæmi um skráningu á tolvur.sky.is á tegund einmenningstölvu innanlands, sem áður var óþekkt og engar heimildir finnast um.

Samkvæmt þessum nýju samþykktum verður ný stjórn *Söguhópsins* kosin eða staðfest á aðalfundi Ský, fimmtudaginn 24. febrúar nk.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.